

5. júní 2009
Tilv.: FOR09040061/6.31
SI-51774

Forsætisráðuneytið
Stjórnarráðshúsinu
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 4. maí 2009 fór forsætisráðherra þess á leit að Seðlabanki Íslands veitti umsögn um fjárhagsleg og efnahagsleg áhrif tillagna Talsmanns neytenda um neyðarlög varðandi íbúðalán, dags. 21.04.2009 og 24.04.2009.

Fyrirliggjandi gögn gefa mjög óljósa mynd af efni tillagnanna. Tillögurnar bera þess merki að þær eru enn drög á vinnslustigi, enda að því er virðist sendar forsætisráðuneytinu til kynningar sem trúnaðarmál. Seðlabankinn getur ekki séð hvernig kostnaður við þessar tillögur verður metinn á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga. Bankinn telur því að svo stöddu ekki forsendur til að veita ýtarlega umsögn um fjárhagsleg og efnahagsleg áhrif tillagnanna. Þó má geta þess að í greiningu vinnuhóps í Seðlabankanum á fjárhagslegri stöðu heimila, sem birt var á vefsíðu bankans hinn 27. mars sl., er bent á að flöt niðurfærsla skulda sé ómarkviss og kostnaðarsöm leið til þess að leysa úr vanda þeirra sem brýnast þurfa á aðstoð að halda.

Einnig er vert að benda á að verðmat eigna nýju bankanna er nær lokið og fljótlega þarf að taka endanlega ákvörðun um skiptingu þeirra milli nýju og gömlu bankanna. Yrðu fasteignaveðlán bankanna tekin eignarnámi, sem og fasteignaveðlán annarra fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða, myndi það setja allt það ferli í uppnám. Fasteignaveðlán eru umtalsverður hluti eigna nýju bankanna og margra annarra fjármálafyrirtækja. Án þeirra stæðu eftir bankar sem væru enn berskjaldaðri gagnvart sveiflum á gengi krónunnar en nýju bankarnir eru nú, miðað við fyrirliggjandi drög að efnahagsreikningi. Gjaldeyrísáhættan er einn stærsti vandinn sem leysa þarf við endurreisn bankakerfisins. Yrði farið eftir tillögum Talsmanns neytenda væri nauðsynlegt að fullar bætur komi fyrir svo endurreisa megi lífvænlegt bankakerfi á Íslandi, þ.e.a.s. greiða þyrfti bönkunum markaðsverð fyrir íbúðaveðlánin miðað við áætlað endurheimtuhlutfall þeirra. Þrátt fyrir erfiðleika heimila er líklega um að ræða einhverjar tryggustu eignir þeirra. Eftir stæði því mjög veikburða bankakerfi sem erfitt yrði að byggja upp að nýju.

Að lokum skal þess getið að Seðlabanka Íslands hefur ekki unnist tími til að kanna lögmati þess að taka eignarnámi með lögum öll íbúðaveðlán í landinu í eigu annarra en Íbúðalánasjóðs.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Svein Harald Öygarð
seðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri